



Forsætisnefndartillaga um Norrænt samfélag um varnarmál

1. Tillaga forsætisnefndar

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð samþykki

að forsætisnefnd Norðurlandaráðs efni til Norræns Varnarmálasamfélags í formi hringborðsráðstefnu um varnar- og öryggismál á Norðurlöndum. Til ráðstefnunnar verði boðið norrænum varnarmálaráðherrum, formönnum varnarmálanefnda þjóðþinganna, herforingjum á Norðurlöndum og fulltrúum NORDEFKO auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

2. Aðdragandi

Norrænt samstarf á sviði varnarmála er í dag víðtækara og öflugra en nokkur hefði getað hugsað sér á tímum kalda stríðsins. Ástæðan fyrir þessu er að hluta til uppsöfnuð þörf, en einnig nauðsyn þess að auka hagkvæmni í þessum málaflokki.

Eftir hrun Sovétríkjanna árið 1991 og sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna varð pólitískt gerlegt að taka öryggismál til umræðu í Norðurlandaráði. Það var ekki fyrr en árið 1997 að árleg skýrsla um varnarmál var sett á dagskrá Norðurlandaráðsþings. Enn fremur hefur nauðsyn þess að draga úr opinberum útgjöldum knúð á um þetta samstarf. Með samstarfi á þessu sviði skapast samlegðaráhrif og það sem kalla má stærðarhagkvæmni í samræmi við tillögur sem Thorvald Stoltenberg, fyrrverandi utanríkis- og varnarmálaráðherra kynnti í skýrslunni „Norræn samvinna á sviði utanríkis- og öryggismála“ (2009).

Víðtækt samstarf um sendiráð er dæmi um slíkt úr utanríkisþjónustunni og sameiginlegar heræfingar, innkaup búnaðar og þjálfun liðsforingja er dæmi úr varnarmálageiranum.

Það er mótsagnakennt, að svo öflugt og víðtækt samstarf á sviðum sem heyra undir „kjarna“ fullveldis landanna skuli fara fram utan formlegra ramma, án fastrar skrifstofu og án áhrifa þjóðþinganna.

Norðurlandaráð

Í skýrslu CENS, „Norræn Samfélög – framtíðarsýn fyrir samstarfið“ segir (bls. 38): „Samstöðuyfirlýsingin í Stoltenberg-skýrslunni (tillaga 13) sýnir á vissan hátt hvernig nánara utanríkis- og varnarmálasamstarf Norðurlandanna gerir löndin háðari hvert öðru. Við (CENS) teljum hins vegar að norræn samvinna um utanríkis- og öryggismál reki sig fljótlega á mörk þess sem hægt er að ná fram í frjálsu samstarfi án skuldbindinga. Áður en næsta skref yrði stigið þyrfti að auka pólitískt vægi samvinnu um utanríkis- og öryggismál, lýðræðisvæða samstarfið og kynna betur það sem gert hefur verið fram til þessa. Tímabært er að ræða af alvöru um Norrænt Utanríkismálasamfélag og Norrænt Varnarmálasamfélag.“

A 1584/presidiet

Lagt fram af:
Forsætisnefnd

Málsnúmer: 12-00324-5

Í skýrslunni er lagt til að á vettvangi opinbers norræns samstarfs verði komið á fót „Norrænum Samfélögum“ á tilteknum forgangssviðum þar sem forsendur norræns samstarfs eru góðar. Utanríkis- og varnarmál eru dæmi um slíkt forgangssvið.

„Norræn Samfélög gætu byggst á pólitísku samkomulagi, sáttmála eða samningi þar sem ráðamenn í hverju landi tjá vilja landa sinna til að efla norrænt samstarf á tilteknu sviði.“ (bls. 26-27). Samfélögin yrðu ramma um metnaðarfullt en sveigjanlegt samstarf með skýru pólitísku innihaldi. Í skýrslunni er lögð áhersla á að við samstarf ráðherra bætist raunhæfar aðgerðir til að efla umræður þvert á landamæri bæði meðal þingmanna, fagaðila og borgara.

Í formennskuáætlun Norðmanna fyrir Norðurlandaráð árið 2013 stendur: „Komið hefur verið á fót samstarfi ríkisstjórna á sviði utanríkis- og öryggismála: Tengslin við störf norrænu þjóðþinganna eru þó ekki nógu sterk. Það er til bóta að skýrslur um utanríkis- og varnarmál séu lagðar fram á Norðurlandaráðsþingi en það er þó ekki nóg. Í síðasta lagi 1. september ár hvert eiga ríkisstjórnirnar að leggja fyrir Norðurlandaráð skýrslur um þessi svið, svo tækifæri gefist til að fjalla um þær á vettvangi Norðurlandaráðs fyrir þing ráðsins og hægt sé að koma sjónarmiðum á framfæri“ (bls. 3). Norðmenn, sem fara nú með formennsku í Norðurlandaráði, munu því leitast við að efla samstarf landanna á sviði varnarmála og viðbúnaðar og að ríkisstjórnir norrænu landanna móti fyrirkomulag umfjöllunar Norðurlandaráðs um norræna samvinnu á sviði utanríkis- og öryggismála og um samfélagsöryggi.

Landsdeild Danmerkur í Norðurlandaráði skipulagði þann 21. nóvember 2012 áhugavert, vel heppnað og fjölsótt málþing um varnar- og utanríkismál.

Tillagan um að efna til Norræns varnarmálasamfélags í formi hringborðsráðstefnu er þáttur í eftirfylgni og viðbrögðum við fyrrnefndum áskorunum.

Ráðstefnan verði skipulögð í samstarfi við Finna, sem fara með formennsku í NORDEFKO, og hafi að markmiði að auka þátt þjóðþinganna í því norræna samstarfi sem þegar á sér stað á sviði varnarmála.

Forseti Norðurlandaráðs mun setja ráðstefnuna og síðan munu varnarmálaráðherrarnir kynna stöðuskýrslu og framtíðarsýn um samstarfið til grundvallar umræðum. Eftir ráðstefnuna kynnir forsetinn niðurstöður sínar í fréttatilkynningu. Forsætisnefnd fjallar um niðurstöðurnar.

Ráðstefnan verður skipulögð samkvæmt samkomulagi um hentugan tíma á árinu 2013. Gert er ráð fyrir að þátttakendur standi sjálfir straum af

kostnaði við þátttöku. Ráðstefnan verður haldin í Finnlandi, en Finnar fara með formennsku í NORDEFECO árið 2013.

Norðurlandaráð

3. Umsagnarferli

Forsætisnefndin hefur ítrekað fjallað um utanríkis- og varnarmálasamstarf. Á Norðurlandaráðsþingi í Helsinki árið 2012 kynnti Johan Strang skýrslu sína, „Norræn Samfélög“ en í henni koma m.a. fram tillögur um að efla þetta málavæði. Að auki er vísað til formennskuáætlunar Norðmanna fyrir árið 2013 þar sem einnig er lögð mikil áhersla á þetta svið. Leitað hefur verið umsagnar Carl Haglund, varnarmálaráðherra. Að hans mati er frumkvæðið lofsvert og hann fagnar samstarfi við NORDEFECO á meðan Finnar fara með formennsku þar.

A 1584/presidiet

Lagt fram af:
Forsætisnefnd

Málsnúmer: 12-00324-5

4. Sjónarmið forsætisnefndarinnar

Forsætisnefndin vill efla samstarf á sviði varnarmála. Að mati forsætisnefndar er ráðherranefnd um þennan málaflokk þó ekki nauðsynleg eins og lagt er til í skýrslu CENS.

Hins vegar er það álit forsætisnefndar að tillagan um að stofna til Norræns Varnarmálasamfélags í formi hringborðsráðstefnu um varnar- og öryggismál á Norðurlöndum, feli í sér raunhæft og áhugavert fyrirkomulag til að efla samstarf. Ef reynsla af hringborðsráðstefnu um varnar- og öryggismál verður góð, verður efnt til sambærilegrar ráðstefnu um utanríkismál.

5. Niðurstaða

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð samþykki

að forsætisnefnd Norðurlandaráðs efni til Norræns Varnarmálasamfélags í formi hringborðsráðstefnu um varnar- og öryggismál á Norðurlöndum. Til ráðstefnunnar verði boðið norrænum varnarmálaráðherrum, formönnum varnarmálanefnda þjóðþinganna, herforingjum á Norðurlöndum og fulltrúum NORDEFECO auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Reykjavík, 29. janúar 2013

Bertel Haarder (V)

Cristina Husmark Pehrsson (M)

Helgi Hjörvar (A)

Høgne Hoydal (T)

Karin Gaardsted (S)

Karin Åström (S)

Kimmo Sasi (saml)

Maarit Feldt-Ranta (sd)

Marit Nybakk (A), forseti

Mikkel Dencker (DF)

Per-Kristian Foss (H), varaforseti

Simo Rundgren (cent)

Åsa Torstensson (C)